

**Nd.**

**204. Breytingartillögur**

[40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 10. gr. l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

- h) eigin vinnu gjaldanda við hús eða íbúð, sem hann ætlar til eigin afnota, enda sé sú vinna umfram venjulega atvinnu gjaldanda. Samsvarandi frádrátt eftir mati skattanefndar (skattstjóra) má veita þeim, sem er að byggja hús eða íbúð til eigin afnota, sem ekki hefur aðstöðu atvinnunnar vegna til þess að vinna við það sjálfur, en hefur í þess stað, unnið fyrir peningatekjum umfram venjulegar atvinnutekjur. Ef gjaldandi selur hús eða íbúð, sem þannig er ástatt um, innan 5 ára, skal honum reiknuð hin frádregna vinna eða tekjur til skattskyldra tekna og skattálagningar, þó svo, að þeim skal deilt niður á jafnmörg ár og þeirra var aflað á. Nánari reglur um þennan frádrátt setur ráðherra með reglugerð.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Tekjuskatt álagðan árin 1944—48 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. gr., ef skattgreiðandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. Á eftir kemur ný grein (3. gr.) svo hljóðandi:

Ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara gilda um álagningu útsvara, og er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum skylt, ef útsvarsgjaldandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, að lækka útsvör álögð árin 1944—48 samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. laganna.